

Ályktun Ungmennafélings Vesturlands 2026

26. september 2026

Ungmennafélag Vesturlands 2026 leggur fram eftirfarandi ályktanir fyrir Alþingi, sveitarstjórnir á Vesturlandi og aðra ráðamenn. Ályktanirnar eru byggðar á umræðum og vinnu ungmenna á þinginu.

Frístundir og íþróttastarf

Þátttaka í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi hefur mikið forvarnargildi. Ungmennafélag Vesturlands skorar á stjórnvöld og sveitarfélög á Vesturlandi í samvinnu við íþróttahreyfinguna að tryggja öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, óháð efnahag eða búsetu. Þetta má gera með samræmdu fjölgreinagjaldi/afsláttarkerfi milli sveitarfélaga, lengri opnunartíma sundlauga og íþróttahúsa, hærri frístundastyrkjum og akstursstyrkjum til foreldra sem keyra með börn á æfingar og keppnir. Eins vill Ungmennafélag Vesturlands ítreka mikilvægi annars skipulags frístundastarfs, s.s. listaskóla, skáta og björgunarsveita, og skorar á stjórnvöld og sveitarfélög að slíkt starf fái fjármögnun til þess að standa undir starfinu.

Greinargerð: Ungmennafélag Vesturlands bendir á að æfingagjöld séu í mörgum tilfellum of há og að kostnaður utan sjálfra gjaldanna — búnaður, mót, keppnisferðir — bætist ofan á. Íþróttafélög hafa ekki efni á að leigja rútur á mót og aukinn samgöngukostnaður dregur úr samstarfi milli félaga og sveitarfélaga. Ungmennirnir vilja að auðveldara sé að æfa með liðum í öðrum sveitarfélögum án þess að greiða tvöfalt og að aukið samstarf verði milli íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélaga um að samnýta þjálfara og æfingar. Þau leggja einnig áherslu á að íþróttastarf snúist ekki alfarið um árangur og keppni — mikil pressa um að ná árangri getur orðið til þess að ungmenni sem hafa gaman af hreyfingu en ekki keppni heltast úr lestinni. Dagskrá æfinga þarf að taka tillit til þess að ungmenni þurfi ekki að velja á milli íþróttar og félagsmiðstöðvarstarfs. Fjárfesting í íþróttamannvirkjum er einnig talin hafa mikið forvarnargildi og ungmenni óska eftir því að fá aukinn aðgang að íþróttamannvirkjum fyrir frjálsan tíma.

Ungmennahús og félagsmiðstöðvar

Ungmennafélag Vesturlands leggur til að starfrækt verði ungmennahús eða sambærileg aðstaða fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Jafnframt áréttar Ungmennafélag Vesturlands mikilvægi þess að félagsmiðstöðvar unglinga séu starfræktar í eigin húsnaði og í aðstöðu sem býður upp á fjölbreytt tómstundastarf og að opnunartími geri ráð fyrir opnun yfir dag, kvöld og helgar. Ungmennafélag Vesturlands leggur til að komið verði á samstarfi

um Hinsegin félagsmiðstöð á Vesturlandi. Ungmennahing Vesturlands vill jafnframt auka samstarf á milli félagsmiðstöðva á Vesturlandi og bæta þannig tengsl og vináttu í landshlutanum.

Greinargerð: Á mörgum stöðum er félagsmiðstöð samnýtt með öðru húsnæði og ungmenni komast ekki að. Þau kalla eftir eigin húsnæði sem nýtist á daginn, á kvöldin og um helgar, meðal annars svo auðveldara sé að mæta á milli æfinga og skóla. Félagsmiðstöð sem er opin frá skóla fram á kvöld er mikilvægur samverustaður fyrir ungmenni og tryggir öruggt svæði. Aldursbilið 16–25 ára er nefnt sérstaklega, þar sem eldri ungmenni upplifa að þeim sé ætlað að hverfa frá félagsmiðstöðvum.

Aukið samstarf milli félagsmiðstöðva á svæðinu og framhaldsskóla er einnig talið áriðandi. Ungmennahing Vesturlands bendir á að aukinn samgöngukostnaður dragi úr þessu samstarfi og geri sveitarfélögum erfitt fyrir að taka þátt í sameiginlegum viðburðum.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Ungmennahing Vesturlands skorar á sveitarfélög og heilbrigðisyfirvöld að auka aðgengi ungs fólks að sálfræðingum, félagsráðgjöfum og skólahjúkrunarfræðingum í skólum, óháð efnahag, og bæta viðbragðstíma og opnunartíma heilsugæslu í dreifðum byggðum.

Greinargerð: Ungmenni upplifa langan biðtíma eftir þjónustu HVE ef þau meiðast og benda á að heilsugæsla í minni sveitarfélögum sé ekki opin um helgar. Skólahjúkrunarfræðingar eru oft ekki til staðar og enginn leysir af, en ungmenni vilja geta leitað til hjúkrunarfræðings án þess að þurfa að gefa upp ástæðu og að hjúkrunarfræðingur geti vísað áfram í næstu þjónustu. Sálfræðiþjónusta og aðstoð vegna vanlíðanar kostar of mikið — allt að 30 þúsund krónur í skiptið. Langur biðtími eftir þjónustu getur leitt til brottfalls úr íþróttum og öðru starfi þegar meiðsli eða vanlíðan koma til.

Menntamál

Ungmennahing Vesturlands skorar á Alþingi og sveitarstjórnir að tryggja einstaklingsmiðaðan stuðning í grunnskólum, fjölga kennurum í stórum bekkjum, bæta samræmingu milli kennara um verkefnaskil og gefa nemendum raunveruleg tækifæri til áhrifa á eigið námsumhverfi. Auk þess kalla ungmenni eftir því að skólastjórnendur og kennarar hlusti meira á skoðanir nemenda — t.d. með því að bjóða upp á aðra afþreyingu í stað símabanns — og leyfi þeim að vera þátttakendur í samtali og ákvarðanatöku sem varðar þeirra eigin skólagöngu.

Greinargerð: Ungmennahing Vesturlands bendir á að ekki læri allir jafn hratt og að námsefni megi ekki þyngjast stöðugt án þess að fyrsta verkefni hafi náðst. Á stöðum með stórum bekkjum — yfir 20 nemendum — vantar fleiri kennara og erfitt er að fá aðstoð við heimanám þegar þörf er á. Aðstaða og stuðningur vegna heimanáms gæti farið fram í félagsmiðstöðvum. Á sama tíma upplifa nemendur að verkefnaskil séu illa samræmd á milli námsgreina, sem verður þungt þegar margt lendir á sama tíma — og þau kalla eftir að kennarar taki meira tillit til þeirra sem missa úr t.d. vegna veikinda eða læknisheimsóknna. Ungmennahing Vesturlands vill að skólastjórnendur og kennarar hlusti á skoðanir nemenda og leyfi þeim að vera þátttakendur í samtali og

ákvarðanatöku. Þau nefna einnig áhuga á aukinni lífsleikni- og fjármálafræðslu til að undirbúa sig betur fyrir fullorðinsárin, auknu vali á framhaldi í sundkennslu á unglingastigi og kynjaskiptu sundi svo öllum líði vel.

Samgöngur á Vesturlandi

Ungmennahing Vesturlands skorar á ríki og sveitarfélög að fjölga ferðum almenningssamgangna milli sveitarfélaga, lækka fargjöld eða hafa frían aðgang í strætó fyrir ungt fólk að 25 ára aldri. Tryggja þarf að strætó gangi einnig um helgar og fram eftir kvöldi, svo ungt fólk komist á milli sveitarfélaga vegna náms, vinnu, íþrótta og félagsstarfs.

Greinargerð: Strætó hættir of snemma á daginn og gengur ekki um helgar á stórum hluta Vesturlands, t.d. á Snæfellsnesi. Á sama tíma er verið að leggja niður strætóleiðir, sem hamlar jöfnu aðgengi barna og ungmenna til þátttöku. Auk þess er fargjald of hátt fyrir þá sem eru að sækja íþróttir og fristundastarf á milli sveitarfélaga. Það væri til mikilla bóta að fjölga ferðum, einfalda leiðir, lækka kostnað og bæta upplifun þjónustunnar — meðal annars með app-laun til að fylgjast með strætó. Þá bendir Ungmennahing Vesturlands á að aukinn rútukostnaður hefur neikvæð áhrif á samstarf á milli sveitarfélaga á meðan vilji er til að auka það.

Atvinnumál ungmenna

Ungmennahing Vesturlands skorar á Alþingi og sveitarfélög að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt fólk og fjölga störfum án staðsetningar og sérfræðistörfum á landsbyggðinni, svo ungt fólk sjái sér fært að setjast að á svæðinu eftir nám. Þá leggur Ungmennahing Vesturlands áherslu á að vinnuskóli fyrir 8.-10. bekk sé tryggður í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Ungmennahing Vesturlands bendir einnig á að núverandi takmarkanir á daglegum vinnutíma geri ungmennum erfitt fyrir að vinna yfir vikuna, t.d. með lengri vöktum um helgar, og kallar eftir því að sveigjanleiki í vinnutíma ungmenna verði aukinn án þess að það komi niður á námi, hvíld eða vellíðan þeirra.

Greinargerð: Á sumum stöðum kemst ungt fólk ekki að í vinnuskóla — t.d. komst 8. bekkur á Akranesi ekki að í vinnuskólanum síðasta sumar. Í landshlutanum er atvinnulífið víða að miklu leyti bundið sjávarútvegi. Mikilvægt er að tryggð verði fjölbreyttari störf, meðal annars störf án staðsetningar svo fólk geti flutt aftur í heimabyggð. Ungmennahing Vesturlands skorar á Alþingi og sveitarstjórnir að styðja við rekstrarumhverfi fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni s.s. þjónustu, matsölu og verslunar.

Samfélag, menning og rödd ungmenna

Ungmennahing Vesturlands skorar á sveitarstjórnir að auka fjármagn til sameiginlegra viðburða og menningarlífs fyrir ungt fólk, bæta viðhald opinbers húsnæðis og útivistarsvæða og tryggja ungmenningaráðum skýran farveg til áhrifa á ákvarðanir sveitarstjórna. Ungmennahing Vesturlands vill brýna stjórnvöld og samfélagið allt að hlutirnir voru ekki alltaf bestir í gamla daga og við þurfum að vera óhrædd við að taka ný skref og gera breytingar. Ungmennahing Vesturlands skorar á íbúa sveitarfélaga að eiga málefnaleg og jákvæð samtöl á samfélagsmiðlum.

Greinargerð: Ungmennahing Vesturlands bendir á að minna sé um afþreyingu fyrir unglinga á bæjar- og sveitahátíðum en fyrir aðra hópa og að meira megi gera til að halda ungu fólki innan félagsstarfs á slíkum dögum. Þau vilja fjölbreyttara menningarlíf á svæðinu, til dæmis leiklist eins og býðst á höfuðborgarsvæðinu. Bæta þarf aðgengi að listaskólum og auka tækifæri til tónlistarnáms. Ungmennahing Vesturlands kallar eftir skýrari farvegi fyrir samtal við sveitarstjórnir og að ungmennaráð fái að hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanir sem varða þau, ekki aðeins séu spurð álits eftir að búið er að taka raunverulega ákvörðun. Þau leggja áherslu á að fullorðnir muni eftir því hvernig er að vera unglingur og setji sig í þeirra spor og að ungt fólk vilji fá að taka þátt í eigin samfélagi.

Borgarnes 27.09.2026